


Picasso

Myndlist

Bragi Ásgeirsson



Picasso og Jacqueline.

ÓVÆNTA SÝNINGIN

Exposition Inatt-
endue“ eða „Óvænta
sýningin“ er heitið
á einum mesta við-
burði á myndlistar-
sviði hérlendis fram
til þessa. Er hér um
að ræða sýningu á hluta einkasafns
ekkju snillingsins Pablo Picasso,
Jacqueline Roque, sem hún hefur
lánað hingað í tilefni Listahátíðar
1986.

Um Picasso þarf naumast að
fjölyrða, því að hann mun þekktast-
ur allra framúrstefnulistamanna
aldarinnar hérlendis. Fleiri greinar
hafa verið skrifaðar um hann í ís-
lenzk blöð en nokkurn annan braut-
ryðjanda nútímalistar í heiminum.
Að auki er maðurinn og sitthvað,
sem tengist honum, tíðari fréttam-
atur en aðrir útlendir myndlistar-
menn og kemur þar ýmislegt til,
sem hefur margt verið rækilega tí-
undað í fjölmiðlum undanfarið.

Ég minnst þess að ég skrifaði
þrjár greinar um ævi hans í Lesbók
snemmsumars árið 1973 og að efnid
var svo viðamikil og skemmtilegt
að ég hefði með léttum leik getað
skrifað 10 í viðbót, af slíkri námu
lesefnis var að ausa og sem ótæpi-
lega höfðaði til hugmyndaflugsins.

Á undanförunum áratugum hafa
viðamiklar farandsýningar á verk-
um meistarans gengið á milli stór-
borga heimsins og sá ég eina mikla
slíka í Hamborg vorið 1956. Þeirri
sýningu og mögnuðu lifun gleymi
ég aldrei né heldur sýningunni á

Lousiana í Humlebæk sumarið
1981, sem ekki var síður minnis-
stæð, þótt hún væri hvorki jafn stór
né fjölbreytt.

Það ber að athuga vel, að Louis-
iana-sýningin var hluti Picasso-
safnsins í París, sem þá hafði ekki
ennþá tekið til starfa og fengust
myndirnar þess vegna lánaðar.

En nú hanga þær uppi á safninu
og fást traudlega þaðan nema ein
og ein og þá af sérstöku tilefni.
Hins vegar lánar safnið teikningar
og grafík á hinar stærri og mikil-
vægari sýningar.

Vilji menn kynnast list Picasso,
er þannig vænlegast að halda til
Parísar og skunda á Rue de Thor-
igny 5, sem er ekki fýkja langt frá
Pompidou-safninu, og helst einnig
til Barcelona, þar sem annað Pic-
asso-safn er risið, og víst engu
ómerkara, en þó öðruvísi. — Sá hluti
einkasafns Jacqueline Picasso, sem
sýnt er á Kjarvalsstöðum, gefur
frekar litla hugmynd um risann
Pablo Picasso. Fyrir utan myndina
af Jacqueline (madame Z) sem
máluð er 1954, eru engin bein tíma-
mótaverk á sýningunni, en hins
vegar heilmikið af formyndum eða
skissum, þar sem meistarinn er eins
og að þreifa fyrir sér og lætur
gaminn geisa í óstýrlátum og
græskulausum leik. Í mörgum
myndanna bregður fyrir meistara-
töktum svo sem í hinni, klipptu,
beigðu og máluðu málplötu af
Jacqueline gerðri í Mougines árið
1962 og teikningunum tveim á

endavegg „Disirnar þrjár“ (1921)
og „Marie Laure de Noailles“
(1923) — en einnig mörgum öðrum.

Varla var að búast við, að hingað
rötuðu fleiri meistaraverk, en hins
vegar hefði kannski verið hægt að
komast að samkomulagi við frúna
um umfangsmeiri og hnitmiðaðri
kynningu. Til að mynda er ekki ein
einasta grafíkmynd á sýningunni
né teikningar úr hinum ýmsu nafn-
toguðu myndaröðum, sem hann
gerði, né neitt af hinum snjöllu
steinþrykkjum. Frúin hlýtur að eiga
eitthvað í förum sínum af slíkum
myndum og hefði verið sjálfsagt
að ræða vel og gaumgæfilega við
hana um tilhögun sýningarinnar og
kanna alla möguleika. Í stað þess
er allt ákvörðunarvald sett í hennar
hendur og einnig hvað uppsetningu
og fyrirkomulag sýningarinnar
snertir.

Raunar er ég hæstánægður með
uppsetninguna og veit, að hún er í
anda meistarans — svona vildi hann
hafa það og áleit, að uppsetning
myndverka ætti öðru fremur að
draga athygli áhorfandans að þeim,
en ekki lúta neinum allsherjarlög-
málum — ófrávikjanlegum og stöð-
uðum. Hann átti það til að bregða
á leik og hengja myndir ofurlítið
skakkar upp heima hjá sér — allt
fyrir athyglina!

Bentu svo einhverjir honum á
það, að myndin væri skökk eða
héngi dálítið furðulega á veggnum,
svaraði hann strax „þið hefðuð ekki
tekið eftir henni öðruvísi...“



Marie Laure de Noailles (Paris 1923), kol á striga.